

6. gr.

Greiðslur til sveitarfélaga á þeim hluta persónuafsláttar og barnabóta, sem ráðstafað er til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds ársins 1986 eða fyrri ára, skulu falla á fimm gjalddaga, sem eru 20. ágúst, 20. september, 20. október, 20. nóvember og 20. desember 1986 og vera sem næst fimmti hluti hverju sinni af upphaflegri fjárhæð. Fari svo að álagning í einhverjum umdæmum dragist svo lengi að greiðslu verði ekki við komið í ágústmánuði skulu sveitarfélögum í þeim umdæmum greiddir tveir fimmtu hlutar upphaflegrar fjárhæðar í september.

Í sveitarfélögum þar sem tíðkast að þorri útsvara er greiddur á færri gjalddögum en fimm (t.d. 1—2) skal heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. og haga greiðslu í samræmi við það hvernig sveitarsjóði hefðu borist gjöldin ef hann hefði innheimt þau sjálfur hjá gjaldanda.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. febrúar 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Hitaveitu Akureyrar nr. 256/1985.

1. gr.

Í stað orðsins „veitustjórn“ í 4. gr. komi: stjórn veitustofnana.

2. gr.

5. gr. falli niður.
Greinatala breytist skv. því.

3. gr.

Í stað orðsins „Veitustjórn“ í 6. gr. (nú 5. gr.) komi: Stjórn veitustofnana.

4. gr.

Í stað orðsins „veitustjórnar“ í 1. mgr. 7. gr. (nú 6. gr.) komi: stjórnar veitustofnana.
Í stað orðsins „Veitustjórn“ í 8. mgr. 7. gr. komi: Stjórn veitustofnana.

5. gr.

Í stað orðsins „veitustjórnar“ í 1. og 4. mgr. 8. gr. (nú 7. gr.) komi: stjórnar veitustofnana.

Í stað orðsins „veitustjórn“ í 2. mgr. 8. gr. komi: stjórn veitustofnana.

6. gr.

Í stað orðsins „veitustjórnar“ í 2. mgr. 9. gr. (nú 8. gr.) komi: stjórnar veitustofnana.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, er hér með staðfest skv. orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 17. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 406 3. nóvember 1978,
um fasteignaskráningu og fasteignamat.**

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Mati skal haga þannig, að tilteknir þættir fasteignar séu metnir til grunnverðs, en síðan skal meta gangverð eignar í heild.
2. Hús og önnur mannvirki skulu metin ásamt fylgifé sínu. Til fylgifjár teljast munir sem tilheyra mannvirki samkvæmt þeirri notkun sem það er ætlað til og almennt er gengið út frá að fylgi mannvirki af því tagi sem um er að ræða. Til fylgifjár teljast þó ekki, þótt skeyttar séu við fasteign, vélar eða önnur tæki til atvinnurekstrar og heldur ekki heimilislvélar að frátöldum eldavélum.
3. Mannvirki í byggingu skal að jafnaði meta einu sinni á ári miðað við það ásigkomulag sem þau eru þá í. Mannvirki eða einstaka hluti þeirra skal taka í fasteignamat þegar þeir teljast fokheldir eða hafa verið teknir í notkun.
4. Hús og önnur slík mannvirki skulu teljast fokheld þegar þak hefur verið klætt vatnsverju og glugga- og dyraopum verið gustlokað.
5. Sveitarstjórn er skylt að láta Fasteignamati ríkisins í té upplýsingar um fyrirhugaða mannvirkjagerð í sveitarfélaginu strax að lokinni ákvarðanatöku þar um. Fasteignamat ríkisins kveður nánar á um form þessarar upplýsingagjafar sbr. 9. gr. laga nr. 94/1976.
6. Mannvirki, sem horfa fyrst og fremst til aukinna nota og arðs af landi, svo sem vegir, brýr og girðingar, eða horfa almennt til bættrar búskaparaðstöðu, eins og vatnsleiðslur og raflínur til bæja, skulu eigi metin sérstaklega, en við mat á landi skal tekið tillit til aukins verðmætis sem frá mannvirkjunum stafar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 20. febrúar 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Björn Hafsteinsson.